

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2020.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum (EES-reglur). 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 522 – 389. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum (EES-reglur). Félagsráðgjafar eru ein þeirra fagstétta sem lögin ná til. Nám í félagsráðgjöf er afar mismunandi milli landa og því þarf að tryggja að umsækjendur um starfsleyfi í félagsráðgjöf uppfylli ákveðin skilyrði. Félagið leggur áherslu á að gera þarf kröfur til félagsráðgjafa um menntun og faglega hæfni til að tryggja gæði félagsráðgjafar. Hér á landi er krafa um meistaraþróf í félagsráðgjöf frá félagsráðgjafardeild félagsvísindasviðs Háskóla Íslands til að hljóta starfsleyfi sem félagsráðgjafi.

Í frumvarpinu eru að finna mikilvægar breytingar er varða starfsleyfi þeirra sem ljúka félagsráðgjafarnámi og öðru fagnámi erlendis. Fyrst ber að nefna nýtt ákvæði sem kemur fram í 3. mgr. 2. gr. b. *Einstaklingar sem fá viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi skulu búa yfir nauðsynlegri tungumálakunnáttu til að geta lagt stund á starfið á Íslandi sem er grundvallaratriði til að geta starfað sem félagsráðgjafi á Íslandi.* Einnig er mikilvæg ný málsgrein sem kemur fram í 2. mgr. 3. gr. c. *Lögbærum stjórnvöldum er heimilt að krefjast þess að umsækjandi gangist undir uppbótarráðstafanir, hæfnisþróf eða aðlögun ef menntun hans eða starfsreynsla er verulega frábrugðin því sem krafist er hér á landi.* Það á sannarlega við um félagsráðgjöf þar sem námið er afar mismunandi milli landa. Þá ber að nefna nýja málsgrein sem bætist við, sjá 5. gr. d. *Stjórnvaldi er heimilt að kanna faglega menntun og hæfi umsækjanda áður en þjómusta er veitt í fyrsta skipti ef starfið varðar lýðheilsu og almannaoöryggi og nýtur ekki sjálfkrafa viðurkenningar.* Nánari ákvæði um könnun á faglegri menntun og hæfi skal setja í reglugerð. Mikilvægt er að reglugerðarákvæði fylgi. Félagið getur einnig tekið undir þá breytingu sem kemur fram í 6. og 7. gr.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir, sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður